



ALLIES eGuide

Galdraskólinn

Galdraskólinn

Galdraskólinn er afrakstur þróunarvinnu sem Allies hópurinn í Ritaharju vann að ásamt velferðarteymi skólans. Hugmyndin er að þverfaglegt velferðarteymi (ÞVT) ræði ekki einungis vanda barna sem þurfa á sértækum úrræðum að halda heldur taki einnig þátt í daglegu skólastarfi þeirra og stuðli þannig að velferð þeirra og jákvæðu námsumhverfi.

Galdraskólinn er ætlaður börnum sem þurfa sérstakan stuðning varðandi einstaklings- eða félagsfærni. Aðferðirnar sem notaðar eru byggðar á meðferð (sérstök aðferð kölluð “Muksuoppi” á finnsku), námi á einstaklings- og félagslegri færni (viðfangsefni svo sem Step by Step) og slökun.

Hópur barna (4-6 börn) á aldrinum 6-8 ára eru valin saman í hóp og vinna í honum ásamt foreldrum sínum með kennurum og fulltrúum úr ÞVT. Fyrir hvert barn er valinn eiginleiki sem viðkomandi ætlar að þroska með sér í galdraskólanum. Með aðstoð sértækrar aðferðafræði (“Muskavelho Bam”) velur barnið sér í raun sjálft eiginleika til að þjálfra og velur einnig manneskju sem gæti stutt það að þjálfra þennan eiginleika. Hópurinn hittist vikulega alla önnina.

Umsjónaraðili með galdraskólanum getur verið meðlimur ÞVT, til dæmis sérkennari eða námsráðgjafi. Til að hvetja börnin og vekja áhuga þeirra á fundunum getur verið góð hugmynd að umsjónarfólk gangi með galdrahatta. Það er mikilvægt að nógu margir fullorðnir séu tilbúinir til að taka þátt í hópvinnum, til að tryggja að hver einstaklingur fái nægan stuðning. Ekki er nægilegt að hafa einn einstakling sem leiðbeinanda fyrir hóp barna sem þurfa stuðning varðandi einstaklings færni eða félagsfærni. Stuðningsaðilarnir sex (börn og/eða fullorðnir) sem hver og einn í hópnum hefur sér, hvetja barnið til dáða í hversdagslegum aðstæðum í skólanum





og/eða heima í hvert sinn sem barnið reynir nýja færni. Þau geta líka notað sérstakt leyriorð til að minna barnið á að þjálfna nýja færni ef þau sjá færi á því. Þið getið kynnt ykkur dæmi um kennslustund í galdraskólanum.